

**Ed.** **507. Nefndarálit** [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og sent það yfirdýralækni til umsagnar, en hann hefur yfirumsjón með framkvæmd laga um sauðfjárbaðanir. — Aðalefni frv. varðar sérstakar undanþágur frá böðun, þegar sérstaklega stendur á í héraði eða byggðarlagi. Um það segir yfirdýralæknir svo í bréfi til nefndarinnar: „Að athuguðu máli tel ég, að umrædd tillaga yrði til þess að auka á vanda þann, sem fylgi framkvæmd sauðfjárbaðana, og er hann þó nægur fyrir.“ Minni hl. nefndarinnar fellst á þetta álit yfirdýralæknis og leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 15. marz 1971.

Steinþór Gestsson,  
form., frsm.

Jónas G. Rafnar.

Jón Árnason.